



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í
Flórgoðanum:

- Lýðheilsa
- Skólaslit
- Samræmd próf
- Vorhátíð foreldrafélagsins
- Reyklausir veitingastaðir
- Stóra upplestrarkeppnin
- Námsferð starfsfólks

Í hvaða skóla á ég að ganga?

Kæru nemendur / forráðamenn

Á næsta skólaári tekur nýr skóli, Hraunvallaskóli, til starfa hér á Völlunum fyrir neðan okkur.

Þar munu nemendur í 1.-4. bekk stunda nám skólaárið 2005-2006 og nemendur í 1.-6.eða 7. bekk skólaárið 2006-2007. Næstu árin þar á eftir verður bætt við einum árgangi á ári hverju.

Nokkurs misskilnings hefur gætt hjá forráðamönnum nemenda sem búa á Völlunum að þeir geti einhliða ákveðið að þeir nemendur sem nú sitja í 1.-3. bekk Áslandsskóla haldi áfram hér í skólanum en fari ekki í Hraunvallaskóla.

Þegar nýr skóli hefur göngu sína þá er miðað út frá hugsanlegum íbúafjölda í viðkomandi skólhverfi. Það myndi því gefa ákaflega skakka mynd og valda nýjum skóla nokkrum erfiðleikum ef fyrirhugaður nemendahópur yrði miklu minni en ráð er gert fyrir.

Ekki skal ég fullyrða hvað það er sem stýrir þeirri ákvörðun forráðamanna að halda börnum sínum áfram hér í Áslandsskóla frekar en að hefja nám í Hraunvallaskóla á komandi hausti.

Auðvitað hefur þessi dýrmæti, ungi nemendahópur komið sér að einhverju leyti vel fyrir hér í Áslandinu og ákveðið rask að færa sig um set og hefja nám að nýju á öðrum vettvangi.

Ég held ég geti fullyrt að í nýjum skóla á Völlum verði framsækið og metnaðarfullt skólastarf. Ráðinn hefur verið ákaflega hæfur stjórnandi til að stýra skólanum og án efa munu hæfileikaríkir starfsmenn ráðast til starfa eins og í öðrum skólum sveitarfélagsins. Þá hefur undirritaður verið í góðu sambandi við skólastjóra Hraunvallaskóla um hugsanlegt samstarf skólanna í hverfinu.

Nemendur með lögheimili í Vallahverfi sem fæddir eru 1996-1999 skulu því sækja nám í Hraunvallaskóla á komandi hausti. Því hefur skráningu þeirra á skrifstofu Áslandsskóla verið breytt og nauðsynlegt fyrir forráðamenn viðkomandi barna að skrá þau í Hraunvallaskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Skólakveðja
Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri



www.aslandsskoli.is

REYKLAUSA VEITINGASTAÐI

Nemendur í unglingadeild í Áslandsskóla gengu í gær á fund Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra og afhentu honum undirskriftarlista með nöfnum um 600 grunnskólanemenda.

Þessir nemendur vilja skora á bæjaryfirvöld að beita sér fyrir því að veitingastaðir yrðu reyklausir í Hafnarfirði.

Lúðvík hrósaði framtaki unglinganna. Hann sagðist sjálfur ekki reykingamaður og hefði sennilega sjálfur skrifað undir þessa áskorun væri til hans leitað. Hann sagðist munu leggja þessa áskorun fyrir bæjarráð, sem hann gerði á fimmtudagsmorgun.

Framtak nemendanna er frábært og sannarlega eitthvað sem ansi margir bæjarbúar gætu hugsað sér. Til að mynda að fá sér göngutúr um miðbæinn og kaffisopa á reyklausum veitingastað.

Flott hjá ykkur krakkar!

FYRIRHUGUÐ SKÓLASLIT

Á útgefnu skóladagatali fyrir þetta skólaár eru skólaslit dagsett 6. júní. Á þessu kann að verða breyting hvað varðar 10. bekk.

Námsmatsstofnun hefur ákveðinn frest til að skila niðurstöðum samræmdra prófa í vor. Sá frestur er rétt að renna út um þetta leyti í byrjun júní.

Því hefur verið ákveðið að skólaslit í 1.-9. bekk verði mánudaginn 6. júní en fyrsta útskriftin úr Áslandsskóla, þ.e. í 10. bekk, verði þriðjudaginn 7. júní.

Nánar verður greint frá þessu er nær dregur.

SAMRÆMD PRÓF Í 4. OG 7. BEKK SKÓLAÁRIÐ 2004-2005

4. bekkur				4. bekkur			
Stærðfræði	Einkunn	Tóku próf	Hlutfall	Íslenska	Einkunn	Tóku próf	Hlutfall
Áslandsskóli	6,5	61 / 63	96,80%	Áslandsskóli	6,3	61 / 63	96,80%
Landið allt	6,9			Landið allt	6,8		

7. bekkur				7. bekkur			
Stærðfræði	Einkunn	Tóku próf	Hlutfall	Íslenska	Einkunn	Tóku próf	Hlutfall
Áslandsskóli	5,6	27 / 29	93,10%	Áslandsskóli	7,1	27 / 29	93,10%
Landið allt	6,3			Landið allt	7,3		

NOKKRAR DAGSETNINGAR

SUN 1. maí
Verkalýðsdagurinn

FIM 5. maí
Uppstigningardagur

MÁN 9. maí
Samræmt próf íslenska

ÞRI 10. maí
Samræmt próf enska

FIM 12. maí
Samræmt próf stærðfræði

FÖS 13. maí
Samræmt próf danska

MÁN 16. maí
Annar í hvítasunnu

ÞRI 17. maí
Samræmt próf samfélagsgreinar

ÞRI 17. maí
Prófdagur 8. og 9. bekkur

MID 1 8. maí
Samræmt próf náttúrufræði

MID 18. maí
Prófdagur 8. og 9. bekkur

LAU 20. maí
Vorhátíð foreldrafélagsins

MÁN 30. maí
Íþróttadagur

ÞRI 31. maí
Skipulagsdagur starfsfólks

MID 1. júní
Sveigjanlegt skólastarf

FIM 2. júní
Sveigjanlegt skólastarf

FÖS 3. júní
Viðtalsdagur foreldrar/nemendur

MÁN 6. júní
Skólaslit 1.-9. bekkur

ÞRI 7. júní
Skólaslit 10. bekkur

“ALL HEFUR ÁHRIF EINKUM VIÐ SJÁLF”

Hafnarfjörður hefur ákveðið að taka þátt í samstarfsverkefni með Lýðheilsustöð sem hefur það að markmiði að auka hreyfingu og bæta mataræði barna og unglinga. Verkefnið nefnist „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf” og er gert ráð fyrir að það hefjist í sumar eða haust. Áslandsskóli mun taka þátt fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Lýðheilsustöð hefur tekið að sér að meta árangur verkefnisins og þarf í því skyni að safna grunnupplýsingum um nokkra helstu þætti við upphaf verkefnisins, bæði hvað varðar aðbúnað í skólum, viðhorf foreldra og lífshætti barnanna. Dagana 12.-14. apríl var lögð stutt könnun fyrir nemendur í 6., 8. og 10. bekk nokkurra grunnskóla í sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu. Ekki er spurt um tóbak, áfengi eða önnur vímuefni heldur aðeins næringu, matmálstíma, hreyfingu, tómsundur og líðan nemenda.

Umsjón með framkvæmd könnunarinnar hefur Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri í samvinnu við Lýðheilsustöð.

Könnunin, sem er unnin í samræmi við lög um persónuvernd, var gerð á þann veg að spurningalisti er lagður fyrir alla nemendur skólans í 6. 8., og 10. bekk sem mættir eru í skólann á fyrirlagnardaginn. Með hverjum lista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listann í þegar þeir höfðu lokið við að fylla hann út. Umslögnum var síðan safnað saman og þau send óopnuð til Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri (RHA). Á öllum stigum framkvæmdar er fullkominnar nafnleyndar og trúnaðar gætt til hins ýtrasta. Frumgögnum er eytt að loknum innslætti. Upplýsingar úr könnuninni verða einnig birtar á þann hátt að útilokað verði að rekja svör til einstakra nemenda.

VORHÁTÍÐ

Vorhátíð Foreldrafélags Áslandsskóla
verður laugardaginn 28. maí milli kl.
11:00 og 14:00.

Hoppukastalar
Hjólábotur
Víðavangshlaup
Prautabraut
Hjólaskoðun lögreglunnar
Hljómsveitir
Grillaðar pylsur

Munum að taka daginn frá.

FRÁBÆRAR SKÓLAFERÐIR

Nemendur í 7. –JÓI, Ásheimum og nemendur í 9.-KJM, Jötunheimum komu heim úr skólaferðum á föstudaginn.

Ásheimar voru á Laugarvatni þar sem ýmislegt var brallað. Nemendur í íþróttanámi Kennaraháskóla Íslands voru með skipulagða dagskrá, siglt var á bátum á vatninu, farið í fjallgöngur og margt fleira.

Jötunheimar voru á Laugum í Sælingsdal í ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ. Þar var skipulögð dagskrá með ferðum um næsta nágrenni auk fræðslu og skemmtunar á staðnum.

Það er skemmst frá því að segja að báðir hópar stóðu sig frábærlega. Hegðun var til mikillar fyrirmyndar í alla staði og eiga krakkarnir hrós skilið. Til hamingju krakkar !!

Námsferð starfsfólks í vor

Starfsfólk Áslandsskóla mun halda í náms- og kynnisferð til Glasgow í Skotlandi 8. júní n.k.

Starfsfólk mun þar heimsækja skóla og stofnanir tengdar skólamálum og útgáfu skólaefnis.

Af þeim sökum verður skrifstofa skólans lokað frá 8.—12. júní.



Upplestrarkeppni lokið

Á dögnum lauk Stóru upplestrarkeppninni með lokaathöfn í Hafnarborg. Það var Erling Óskar Kristjánsson, Hvaleyraskóla sem sigraði eftir glæsilega framgöngu allra keppenda. Í öðru sæti í keppninni varð Ingibjörg Birna Ársælsdóttir, Álftanesskóla og í þriðja sæti varð Aðalheiður Elín Lárusdóttir, Víðistaðaskóla .

Skáld keppinnar að þessu sinni voru þau Guðrún Helgadóttir og Jóhannes úr Kötlum. Guðrún var heiðruð sérstaklega og lesarar risu úr sætum og klöppuðu fyrir henni.

Fulltrúar Áslandsskóla voru þau Ástríður Rán Erlendsdóttir og Sigurður Stefán Ásmundsson og stóðu þau sig einstaklega vel.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
Aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÖÐINN

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

leifur@aslandsskoli.is